

Fell - Engjaholt - aðalskipulagsbreyting

MINNISBLAÐ:

Tillaga að svörum við athugasemdom/umsögnum Skipulagsstofnunar, dagsettar, 25. apríl 2025

Liður 1:

Svæðið liggur mjög vel við samgöngum þar sem það er á horni tveggja fjölfarinna stofnbrauta sem eru Biskups-tungnabaut nr. 35 og Bræðratunguvegur nr. 359. Að því leyti til má segja að landið sé ekki ósnortið. Þéttbýliskjarninn Reykholt er í næsta nágrenni ca. 2 km eða í um 20-30 mín göngufjarlægð, sem styrkir bæði byggðina í Reykholt og mun uppbygging ferðaþjónustu á þessum stað njóta góðs af nálægðinni við Reykholt. Munu íbúar Reykhólts ekki verða fyrir ónæði frá starfseminni og þá sérstaklega á meðan framkvæmdum stendur.

Liður 2:

Í sérákvæðum VP45 er starfsmannahúsi breytt í starfsmannabústað.

Liður 3:

Gengið verður úr skugga um að sérákvæði VP45 skili sér til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Liður 4:

Það er eindreginn vilji landeigenda að þarna séu frístundalóðir.

Liður 5:

Í aðalskipulagsbreytingunni verður vísað í nýja Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Liður 6:

Brugðist er við athugasemdom Hafrannsóknarstofnunar og Fiskistofu varðandi lög nr. 61 / 2006 og um lax- og silungsveiði og lög nr. 36 / 2013, þannig að fjallað er m.a. um þætti sem varða lífríki í vatni og aðstöðu til veiði í umhverfisskýrslu.

Liður 7:

Bætt er í töflu 1 um umhverfisviðmið, nánar hvað það er í stefnu aðalskipulags og landskipulagsstefnu og vísað í einstaka kafla og liði og eftir atvikum einstaka greinar í lögum og reglugerðum, sem lagðar verða til grundvallar niðurstöðum/svörum við matspurningum umhverfismatsins.

Liður 8:

Vatnafar/Vatnshlot sett inn sem sérstakur umhverfisþáttur og vísað í lög um stjórn Vatnamála.

Liður 9:

VP110 breytt í F110

Liður 10:

Sett inn norðurpíla og mælikvarði á uppdrátt.

Liður 11:

Umhverfisstofnun breytt í Umhverfis- og orkustofnun.

Liður 12, 13 og 14:

Stafræn gögn verða uppfærð.